

Mánudaginn 17. nóvember 1997.

Nr. 462/1997. **Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**

(sjálfur)

gegn

Gunnari Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudags 22. desember nk. kl. 16.00.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, barst lögreglu tilkynning að kvöldi 9. nóvember 1997, að neyðarbjalla tilgreinds fyrirtækis í Hafnarfirði hefði farið í gang og maður sést hlaupa af vettvangi. Er lögregla kom á staðinn, kom hún auga á varnaraðila ásamt tveimur öðrum mönnum innandyra í iðnaðarhúsnæði þar skammt frá. Skömmu síðar sást, að ljóslausri bifreið var ekið á brott frá fyrrnefndum stað, og virti ökumaður hennar að vettugi merki lögreglu um stöðvun. Var bifreiðinni, sem ekið var á ofsahraða um götur Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, veitt eftirför, sem lauk við Suðurgötu í Reykjavík. Varnaraðili var farþegi í bifreiðinni, en við leit í henni fannst þýfi úr innbrotum í nokkur fyrirtæki í Hafnarfirði 8. nóvember 1997 auk þýfis úr innbroti 31. október. Við leit í fyrrnefndu iðnaðarhúsnæði fannst mikið af þýfi úr öðrum innbrotum. Varnaraðili hefur neitað aðild að framangreindum innbrotum. Hins vegar hefur hann viðurkennt að hafa gert tilraun til innbrots í bif-

reiðageymslu að kvöldi 27. október 1997, þar sem hann var á ferð með ökumanni fyrrgreindrar bifreiðar. Þá kemur lýsing á manni þeim, sem hljóp af vettvangi 9. nóvember, heim og saman við varnaraðila. Samkvæmt þessu er ljóst, að varnaraðili er undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er rannsókn málsins á frumstigi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar skýrslur lögreglunnar á Blönduósi, þar sem fram kemur, að varnaraðili hefur viðurkennt að hafa ásamt fyrrgreindum ökumanni brotist inn í þrjú fyrirtæki á Skagaströnd aðfaranótt föstudagsins 24. október 1997 og auk þess stolið tveimur dráttarvélum sömu nótt. Samkvæmt sakavottorði varnaraðila á hann langan brotaferil að baki og hefur hlotið marga refsisdóma. Var honum veitt reynslulausn 16. ágúst 1997 í eitt ár á eftirstöðvum 170 daga refsingar.

Að þessu virtu þykja vera skilyrði a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 22. desember 1997 kl. 16.00.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Gunnar Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 22. desember 1997 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1997.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði hefur krafist þess fyrir Héraðsdómi Reykjaness, að Gunnari Péturssyni, kt. 131270-3139, til heimilis að Háholti 3 í Hafnarfirði, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 22. desember 1997 kl. 16.00. Krafan er reist á ákvæðum a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Síðla kvöldsunnudaginn 9. nóvember sl. barst lögreglunni í Hafnarfirði tilkynning um, að neyðarbjalla fyrirtækis í Flatahrauni 21 í Hafnarfirði hefði farið í gang. Í tilkynningunni kom fram, að maður nokkur, 30–40 ára, dökkur á hár, í dökkum jakka og í meðallagi hár, hefði hlaupið frá umræddu húsnæði. Við rannsókn tilkynningarinnar veitti lögreglan því athygli, að á neðri hæð húsnæðisins í Stapahrauni 2, skammt frá því húsnæði, þar sem neyðarbjalla fór í gang, sáust meðal annars á ferli kærði, Gunnar Pétursson, og tveir menn aðrir. Eftir skamma stund var bifreiðinni IY-319 ekið ljóslausri af stað frá Stapahrauni 2, og gaf lögreglan þá ökumanni bifreiðarinnar merki um að stöðva hana. En ökumaður virti merki lögreglunnar að

vettugi og ók á ofsahraða um Hafnarfjörð og Reykjavík, uns hann var stöðvaður við Suðurgötu í Reykjavík. Var kærði þá handtekinn, en í ljós kom, að hann var farþegi í umræddri bifreið, IY-319. Við leit lögreglunnar í bifreiðinni fannst þýfi úr innbroti í nokkur fyrirtæki í húsnæði í Bæjarhrauni 8 í Hafnarfirði, sem framið var 8. nóvember sl. Þá fannst einnig þýfi úr innbroti í bílskúr húsnæðis í Ölduslóð 27 í Hafnarfirði, sem framið var 31. október sl., ásamt nokkru magni af fíkniefnum. Þá lét ökumaður bifreiðarinnar lögreglunni í té lykla að húsnæðinu í Stapahrauni 2 við rannsókn málsins í gær. Við leit lögreglunnar í húsnæðinu fundust þar einnig munir, er taldir eru þýfi úr öðrum innbrotum.

Kærði hefur neitað með öllu aðild að þeim brotum, sem honum eru gefin að sök. Kveðst hann ekki kannast við þá muni, er fundust í bifreið þeirri, sem hann var farþegi í, enda hvorki umráðamaður né eigandi bifreiðarinnar. Hafi hann margsinnis reynt að fá ökumann bifreiðarinnar til að fara að tilmælum lögreglu og stöðva bifreiðina. Þá kveðst kærði eigi kannast við þá muni, er fundust við leit í húsnæðinu að Stapahrauni 2 10. nóvember sl., og sé hann á engan hátt tengdur því húsnæði.

Að virtum atvikum málsins og rannsóknargögnum verður eigi talið, að nægilega rökstuddur grunur sé um aðild kærða, Gunnars Péturssonar, að framangreindum brotum. Er því eigi fullnægt grunnskilyrði upphafsákvæðis 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Koma því skilyrði a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. sömu laga hér eigi til greina. Ber því að synja kröfu sýslumannsins í Hafnarfirði um, að kærða, Gunnari Péturssyni, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sýslumannsins í Hafnarfirði um, að kærði, Gunnar Pétursson, sæti gæsluvarðhaldi, er synjað.
